

um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

Flm. Jón Pálmason.

1. gr.

Stofna skal sérstaka lánadeild við Búnaðarbanka Íslands, og heitir hún Stofnlánadeild landbúnaðarins.

2. gr.

Tilgangur stofnlánadeildar er að gera efnalítlum mönnum fært að hefja búskap í sveitum landsins.

3. gr.

Stofnlánadeild lánar eingöngu frumbýlingum til jarðakaupa, búpeningskaupa og verkfærakaupa. Lánin skulu tryggð með veði í hinni keyptu eign, og heimilast að lána hæst út á jörð 50% kaupverðs, út á búpening 35% og út á verkfæri 30%. Vextir af lánunum séu 4% árlega. Afborgunarfrestur sé 40 ár á jarðakaupalánum, en 10 ár á lánunum til bústofns- og búvélakaupa.

4. gr.

Ríkissjóður skal í upphafi leggja stofnlánadeild 1 milljón króna sem lánsfé, er afborgist án vaxta á 10 árum.

5. gr.

Auk þess fjár, sem um getur í 4. gr., skal stofnlánadeildin afla sér rekstrarfjár og útlánafjár með því að taka móti sparisjóðsinnlögum með þeim kjörum, er hér segir:

Vextir skulu vera 3½%. Tryggingar eru hinar sömu sem í öðrum deildum Búnaðarbankans. Innleggjendur eru ekki skyldir að telja þessi sparisjóðsinnlög fram til skatts eða neinnar gjaldaálagningar, og stjórn bankans er bannað að gefa upp nöfn innleggjenda eða upphæð innlánsfjár.

Verði þessi ákvæði afnumin með nýrri löggjöf, skal bankinn skyldur að greiða innlögin út innan 6 mánaða með 75% verðlagsuppbót.

6. gr.

Stjórn Búnaðarbankans annast stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins á sama hátt sem annarra deilda bankans.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1952.

Greinargerð.

Fyrir á tímum gátu ungir menn stofnað til búskapar með mjög lítið fé, ef þeir aðeins fengu jörð eða jarðarhluta til leigu. Fátækir menn ólu aldur sinn víða um land á afdala- og heiðajörðum, og margir þeirra björguðust ótrúlega vel. Þessir tímar eru löngu liðnir. Afdala- og heiðajarðirnar eru flestar komnar í eyði fyrir löngu. Fólkið hefur farið í kaupstaðina. Í sveitunum að öðru leyti hefur fólkinu fækkað mjög, og liggja til þess ýmsar orsakir. Nú á tímum er aftur að verða vaxandi áhugi meðal ungra manna á því að hefja búskap. Aðsókn að nýbýlaaðstoð er mjög mikil og eftirspurn eftir byggðum jörðum hefur aukizt stórkostlega. En nú er af sem áður var. Nú er ekki hægt að byrja búskap með litlu stofnfé. Gildi peninganna er orðið lítið. Jarðir, búpeningur og verkfæri hefur allt margfaldazt í verði á fáum árum. Án verulegs lánsfjár er ekki unnt fátækum mönnum að byrja búskap, en þetta lánsfé er hvergi fáanlegt eins og nú er.

Þess vegna er þetta frumvarp flutt. Þörfin fyrir framgang þess er ákaflega brýn og aðkallandi. Að því gæti orðið þýðingarmeiri og farsælli atvinnubót en atvinnubótavinna bæjanna og annars þess, er nú um skeið hefur verið stofnað til í óvissu. Segja má, að óvíst sé, að stofnlánadeildin fái fjármagn til að gegna sínu hlutverki, og ef það tekst ekki, þá verður árangurinn lítill. En mér þykir rétt, að gerð sé raunhæf tilraun með það, hver áhrif skattar og útsvör hafa á sparifjáröfnun í landinu. Reynslan ætti að skera úr um það á fáum árum, hvort þessi tilraun heppnast vel eða ekki. Verði breytt til aftur, eru sett nokkuð hörð viðurlög til tryggingar fyrir innleggjendur, og þótt bankanum sé ætlað að mæta afleiðingum af breyttri löggjöf í þessu efni, þá hlýtur ríkið sjálft, ef til kemur, að aðstoða bankann við það, enda er hann starfræktur á ábyrgð ríkisins.